



Samstæðuársreikningur 2024

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
103 Reykjavík

kt. 600307-0450



Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	5-7
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um eigið fé	11
Skýringar	12-27
Óendurskoðað fylgiskjal: Ófjárhagslegar upplýsingar	28-30

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2024 að undanskilinni skýrslu stjórnar. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem samkvæmt faglegu mati okkar, hafa mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Lykilatriði	Viðbrögð í endurskoðuninni
<p>Mat á samningsbundnum sýningarréttindum</p> <p>Samningsbundnir sýningarréttir námu samtals 3.054 millj. kr. í árslok 2024 eða 32,8% af heildareignum félagsins. Stjórnendur meta á hverjum reikningsskiladegi hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun.</p> <p>Sýningarréttur er skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun, en sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Nýtingartími sýningarréttar byggist á samningsbundnum réttindum.</p> <p>Mat á samningsbundnum sýningarréttindum er lykilatriði í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem hann er stór hluti af eignum félagsins og kanna þarf hvort það séu vísbendingar um virðisrýrnun á sýningarréttindum og forsendur stjórnenda um niðurfærsluþörf rétt metnar.</p> <p>Í skýringu 12 er fjallað um samningsbundna sýningarrétti á innlendu og erlendu dagskráefni og í skýringu 3 "Óefnislegar eignir" er fjallað um reikningsskilaaðferðir.</p>	<p>Endurskoðun á mati á samningsbundnum sýningarréttindum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none">Lögðum mat á forsendur stjórnenda um nýtingu á sýningarréttindum.Fenginn var listi yfir öll sýningarréttindi og var hann stemmdur af við bókhald og ytri gögn.Nýir samningar voru sannreynDIR með úrtakspröfun.Farið var yfir samingstíma sýningarréttinda og vinnu stjórnenda við mat á niðurfærsluþörf á samningsbundnum sýningarréttindumViðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla er byggð á faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar eru viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefur glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum, með þeim undantekningum sem koma fram í óendurskoðuðu fylgiskjali um ófjárhagslegar upplýsingar.

Reykjavík, 21. mars 2025

Advant endurskoðun ehf.

Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi RÚV er fjölmiðlaþjónusta í almannáþágu, sem hefur það að markmiði að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.

Ársreikningur RÚV fyrir reikningsárið 2024 hefur að geyma samstæðureikning RÚV og dótturfélags þess, RÚV Sölu ehf. Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu, eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Rekstur og fjárhagsstaða 2024

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu ársins 2024 námu rekstrartekjur RÚV ohf. 9.149 milljónum króna (2023: 8.726 milljónir króna). Tekjurnar jukust um 423 milljónir króna milli ára eða 4,8% en að teknu tilliti til verðlagsþróunar þá lækkuðu tekjur um 1% að raunvirði milli ára. Rekstrargjöld námu 8.972 milljónum króna (2023: 8.242 milljónir króna) og jukust um 730 milljónir króna milli ára eða 8,9%. Laun- og launatengd gjöld námu 3.881 milljón króna (2023: 3.686 milljónir króna) og jukust um 195 milljónir króna milli ára eða 5,3%. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar lækkuðu launaútgjöldin milli ára. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 275 (2023: 273) en frá miðju ári hefur stöðugildum verið fækkað sem hluta af hagræðingaraðgerðum félagsins. Annar rekstrarkostnaður, að frátöldum afskriftum, nam 4.582 milljónum króna (2023: 4.079 milljónir króna) og jókst um 503 milljónir króna milli ára eða 12,3% en ríflega 6% að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Aukning milli ára skýrist fyrst og fremst af gjaldfærslum vegna stórra íþróttaviðburða á árinu og kostnaðar í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesskaga og tvennra kosninga.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 365 milljónum króna (2023: 478 milljónir króna) og lækkuðu um 113 milljónir króna milli ára sem skýrist að stærstu leyti af lækkun verðbólgu milli ára og gengishagnaði á árinu.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap af rekstri RÚV samtals 188 milljónum króna á árinu 2024 (2023: 6 milljón króna hagnaður) og versnaði afkoman um 194 milljónir króna milli ára.

Í árslok námu heildareignir 9.306 milljónum króna (2023: 9.477 milljónir króna) og lækkuðu eignir félagsins um 170 milljónir króna milli ára. Handbært fé stóð í stað milli ára í 12 milljónum króna en skuldir við lánastofnanir námu einnig 12 milljónum króna (2023: 153 milljónir króna) og lækkuðu um 141 milljónir króna milli ára. Eigið fé í árslok nam 1.622 milljónum króna (2023: 1.810 milljónir króna) og var eiginfjárlutfallið 17,4% í árslok 2024 (2023: 19,1%) og lækkaði um 1,7% milli ára. Vísað er til eiginfjárfirlits í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum. Þá er vísað til skýringar nr. 17 varðandi áhættustýringu og helstu áhættuþætti í rekstri félagsins.

Markmið stjórnar hefur verið að rekstur RÚV sé ávallt yfirvegaður og hallalaus. Mikilvægt er að tryggja að reksturinn sé sjálfbær til langs tíma litið. Í því felst að skuldsetning félagsins sé viðráðanleg og lausafjárstaðan með þeim hætti að félagið geti mætti óvæntum áföllum í rekstri. Skuldir RÚV hafa um árabíl verið háar, m.a. vegna uppgjörs á eldri lífeyrisskuldbindingum. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir á undanförunum árum sem hafa leitt til lækkunar skulda telur stjórn RÚV að félagið sé enn of skuldsett og mun halda áfram að leita varanlegra lausna á skuldsetningu þess.

Á árinu 2024 náðist ekki markmið um hallalausan rekstur og nam tap á rekstri félagsins 188 milljónum króna. Taprekstur félagsins má að hluta rekja til þess að tekjur félagsins lækkuðu að raunvirði á milli ára en einnig til hárra gjaldfærslna vegna íþróttaviðburða og kostnaðar vegna kosninga og eldsumbrota. Á árinu var gripið til ýmissa ráðstafana til að bæta afkomu og sjóðstöðu innan ársins. Aðgerðirnar skiluðu meðal annars því að skuldir við lánastofnanir, að teknu tilliti til handbærs fjár, voru komnar í jafnvægi um áramót og nam viðsnúningurinn innan ársins 141 milljón króna. Þá var aðgerðunum enn fremur ætlað að stuðla að hallalausum rekstri á árinu 2025 og að sjóðstaða félagsins verði jákvæð í árslok 2025.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Þjónustusamningur

Nýr þjónustusamningur við menningar- og viðskiptaráðuneytið tók í gildi í upphafi árs 2024 og gildir til loka árs 2027. Í samningnum er nánar kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar skv. 1. og 3. gr. laga nr. 23/2023. Í samningnum er einnig kveðið á um fjármögnun fjölmiðlunar í almannabágu á öllu samningstímabilinu og með honum var tryggð örugg fjármögnun út samningstímann. Forsenda samningsins er að innheimt útvarpsgjald lækki ekki að raunvirði frá árinu 2023. Í viðauka við þjónustusamninginn er yfirlýsing útvarpsstjóra og menningar- og viðskiptaráðherra vegna starfsemi RÚV sölu ehf. á auglýsingamarkaði. Þar segir að unnið verði að því á gildistíma samningsins að minnka umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og er þar meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Reglurnar eru aðgengilegar almenningi á vef RÚV sem og fundargerðir stjórnar.

Í stjórn RÚV sitja níu manns, fjórir karlar og fimm konur en nánar er fjallað um stjórnskipulag og stjórnarhætti félagsins í viðauka um ófjárhagslegar upplýsingar.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar eru mikilvægar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif RÚV í tengslum við starfsmanna- og jafnréttismál sem og stefnu félagsins í umhverfis- og gæðamálum. Þær upplýsingar eru birtar í viðauka.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf. að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Það er jafnframt álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuársreikningurinn geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. hafa í dag farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 21. mars 2025

Silja Dögg Gunnarsdóttir
stjórnarformaður

Ingvar Smári Birgisson

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

Rósa Kristinsdóttir

Aron Ólafsson

Mörður Áslaugarson

Margrét Tryggvadóttir

Þráinn Óskarsson

Diljá Ámundadóttir Zoega

Anna María Benediktsdóttir

fulltrúi starfsmanna

Stefán Eiríksson
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	4	9.148.508	8.725.719
		<u>9.148.508</u>	<u>8.725.719</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(3.880.886)	(3.685.696)
Annar rekstrarkostnaður		(4.581.834)	(4.078.950)
Afskriftir	6	(509.143)	(477.339)
		<u>(8.971.863)</u>	<u>(8.241.985)</u>
Rekstrarhagnaður		176.645	483.735
Fjármunatekjur		8.589	11.530
Fjármagnsgjöld		(407.692)	(494.277)
Gengismunur		34.115	5.140
Hrein fjármagnsgjöld	7	<u>(364.988)</u>	<u>(477.606)</u>
Afkoma fyrir tekjuskatt		(188.343)	6.128
Tekjuskattur	8	0	0
(Tap) hagnaður og heildarafkoma		<u>(188.343)</u>	<u>6.128</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	4.814.375	4.909.670
Afnotaréttur		471.006	561.566
Óefnislegar eignir	10	250.977	223.604
Sýningarréttur	12	948.736	1.120.080
Aðrar eignir	11	86.556	113.189
		<u>6.571.649</u>	<u>6.928.110</u>
Veltufjármunir			
Sýningarréttur	12	2.104.954	1.849.421
Viðskiptakröfur	13	538.053	594.823
Aðrar skammtímakröfur	13	79.380	92.323
Handbært fé	13	12.106	11.936
		<u>2.734.492</u>	<u>2.548.503</u>
Eignir samtals		<u>9.306.142</u>	<u>9.476.613</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		839.723	839.723
Yfirverðsreikningur hlutfjár		265.254	265.254
Bundið eigið fé		717.532	531.444
(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé		(200.603)	173.828
Eigið fé samtals		<u>1.621.906</u>	<u>1.810.249</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	14	4.060.702	3.949.004
Leiguskuldbindingar	14	417.918	528.655
Aðrar fjárskuldir	14	610.136	681.067
		<u>5.088.755</u>	<u>5.158.726</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	16	1.539.604	1.386.273
Skuldir við lánastofnanir		11.869	153.320
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	66.308	61.041
Leiguskuldbindingar	14	133.321	123.270
Ógreidd laun og launatengd gjöld		665.268	666.648
Aðrar skammtímaskuldir	16	179.110	117.086
		<u>2.595.480</u>	<u>2.507.639</u>
Skuldir samtals		<u>7.684.235</u>	<u>7.666.364</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>9.306.142</u>	<u>9.476.613</u>

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		(188.343)	6.128
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	509.143	477.339
Söluhagnaður eigna		0	(557)
Hrein fjármagnsgjöld	7	364.988	477.606
		<u>685.788</u>	<u>960.516</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Sýningarréttur, hækkun	12	(84.189)	(495.379)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun		96.345	20.902
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		148.854	142.891
		<u>846.798</u>	<u>628.930</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		846.798	628.930
Innborgaðir vextir		8.588	11.530
Greiddir vextir		(201.019)	(180.669)
		<u>654.368</u>	<u>459.791</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(228.493)	(397.669)
Keyptar óefnislegar eignir	10	(97.866)	(116.684)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	10	0	2.282
		<u>(326.359)</u>	<u>(512.071)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(61.403)	(56.431)
Afborgun leiguskuldbindinga		(124.986)	(112.233)
Breyting skulda við lánastofnanir		(141.451)	153.320
		<u>(327.840)</u>	<u>(15.344)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		169	(67.624)
Handbært fé í upphafi árs		11.936	79.559
Handbært fé í lok árs		<u>12.105</u>	<u>11.936</u>

Yfirlit um eigið fé 31. desember 2024

	Hlutafé *	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Bundið eigið fé	Ójafnað tap	Eigið fé samts
Staða 1.1.2023.....	839.723	265.254	353.844	345.301	1.804.121
Heildarafkoma ársins.....	0	0	0	6.128	6.128
Hagnaður dótturfélags.....	0	0	177.600	(177.600)	0
Staða 31.12.2023.....	839.723	265.254	531.444	173.829	1.810.249
Staða 1.1.2024.....	839.723	265.254	531.444	173.829	1.810.249
Heildarafkoma ársins.....	0	0	0	(188.343)	(188.343)
Hagnaður dótturfélags.....	0	0	186.088	(186.088)	0
Staða 31.12.2024.....	839.723	265.254	717.532	(200.602)	1.621.906

* Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

1. Almennar upplýsingar

Upplýsingar um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannáþágu og önnur starfsemi. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi frá 21. desember 2023, milli Ríkisútvarpsins og menningar- og viðskiptaráðráðherra. Samningurinn gildir til ársloka 2027. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

Ársreikningur samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess RÚV sölu ehf.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Ríkisútvarpsins fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarskýringarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Við gerð ársreiknings samstæðunnar er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 2023.

Samstæðan skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og meta þeir því að rekstur félagsins sé innan eins starfspáttar.

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélags sem er undir stjórn þess á reikningsskiladegi. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélagsins eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. RÚV sala ehf. er að fullu í eigu Ríkisútvarpsins og hefur sama reikningsár. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

3. Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsskil samstæðu Ríkisútvarpsins eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Matsaðferðir og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringu:

Skýring 9, varanlegir rekstrarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Reikningsskilaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum og af dótturfélagi í samstæðunni, fyrir utan innleiðingu á nýjum reikningsskilastöðlum á tímabilinu, sjá hér að ofan.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarrétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Samstæðan er með þrjá mismunandi tekjustofna:

Tekjur af almannabjónustu: Árleg fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af útvarpsgjaldi. Tekjur af almannabjónustu eru tekjufærðar yfir árið í samræmi við veitta þjónustu til almennings miðað við hlutverk og skyldur félagsins samkvæmt lögum 23/2013.

Tekjur af viðskiptaboðum (auglýsingum): Tekjur af birtingu viðskiptaboða í miðlum félagsins. Tekjur af birtingu viðskiptaboða í miðlum félagsins eru færðar þegar þjónustan hefur verið veitt.

Tekjur af útleigu: Tekjur af útleigu sem eru tekjufærðar yfir samningstíma leigusamnings.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og hreinum gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, hreinu gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskuldum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Leigusamningar

Á upphafsdegi leigusamnings færir félagið leigueign og leiguskuld. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins. Leiguskuldin er svo hækkuð vegna vaxtagjalda og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni nýtist samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn. Fasteign er ekki afskrifuð þar sem stjórnendur meta það svo að bókfært verð fasteignar sé lægra en hrakvirði. Matið byggist á því að fasteignamat eignarinnar, sem er umtalsvert hærra en bókfært verð, endurspeglar það sem samstæðan getur vænst að fá fyrir eignina í lok nýtingartíma hennar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Óefnislegar eignir

Hugbúnaður er skráður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningstímabils. Sýningarréttur er skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun, en sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Nýtingartími sýningarréttar byggist á sammingsbundnum réttindum. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að meta hvort vísbending um virðisrýrnun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verðið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýringar í reikningsskilunum er ákvarðað á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í IAS 2 eða nýtingarvirði í IAS 36.

Við ákvörðun á gangvirði eigna og skulda eru notaðar markaðsupplýsingar að eins miklu leyti og hægt er. Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig á grundvelli þeirra forsendna sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

- Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en skráð verð samkvæmt stigi 1 sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki byggðar á fáanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignir á afskrifanlegu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum og ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignirnar færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af handbæru fé, viðskiptakröfum og öðrum kröfum. Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Virðisrýrnun fjáreigna

Við mat á virðisrýrnun fjáreigna er beitt einfaldri nálgun við mat á virðisrýrnun á viðskiptakröfum. Sú nálgun krefst þess að metin sé niðurfærsla sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafna. Notuð er áhættugreining til að reikna út vænt útlánatap yfir líftíma fjáreignanna. Viðskiptakröfum er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á hlutfalli fyrir hvern hóp er horft til fasts hlutfalls sem byggist á sögulegri tapsögu félagsins leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Með hliðsjón af hverjum flokki viðskiptamanna er einnig horft til reynslu samstæðufélaganna ef sú reynsla sýnir verulega frábrugðin tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn.

Fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samanstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar út frá núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

Starfspáttayfirlit

Rekstur samstæðunnar er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Félagið gerir ekki starfspáttayfirlit, stjórnendur félagsins meta rekstur samstæðunnar innan eins starfspáttar.

4. Rekstrartekjur

	2024	2023
Tekjur af almannapjónustu	6.131.000	5.710.000
Tekjur af sölu auglýsinga og kostun	2.551.751	2.463.095
Tekjur af öðrum samkeppnisrekstri	423.535	477.661
Aðrar tekjur	42.222	74.963
	<u>9.148.508</u>	<u>8.725.719</u>

Tekjur af öðrum samkeppnisrekstri eru að stærstum hluta vegna dreifikerfis, útleigu húsnæðis og útleigu aðstöðu og tækja. Aðrar tekjur en tekjur af almannapjónustu og tekjur af samkeppnisrekstri eru styrkir einkum til framleiðslu kennslu- og barnaefnis og til varðveislu safnaefnis.

Skýringar, frh.:

5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	<u>2024</u>	<u>2023</u>
Heildarlaun	3.123.944	2.977.990
Lífeyrissjóður	426.773	400.523
Önnur launatengd gjöld	330.169	307.184
	<u>3.880.886</u>	<u>3.685.696</u>
Heildarstöðugildi	275	273

Gjaldfærð laun og lífeyrissjóður til æðstu stjórnenda samstæðunnar, annarra en útvarpsstjóra, námu 220,2 milljónum króna á árinu 2024 (2023: 202,4 milljónir króna). Heildarlaun og lífeyrissjóðsgreiðslur útvarpsstjóra á árinu, námu 37,5 milljónum króna á árinu (2023: 35 milljónir króna). Stjórnarlaun til tveggja stjórna samstæðunnar námu 19,5 milljónum króna á árinu (2023: 18,2 milljónir króna).

6. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	<u>2024</u>	<u>2023</u>
Afskriftir rekstrarfjármuna	323.789	312.577
Afskriftir óefnislegra eigna	70.493	58.125
Afskriftir af afnotarétti	114.861	106.637
	<u>509.143</u>	<u>477.339</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	<u>2024</u>	<u>2023</u>
Vaxtatekjur	8.589	11.530
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(365.652)	(456.369)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	(27.599)	(31.628)
Önnur vaxtagjöld	(14.441)	(6.281)
	<u>(407.692)</u>	<u>(494.277)</u>
Gengismunur	34.115	5.140
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(364.988)</u>	<u>(477.606)</u>

Skýringar, frh.:

8. Tekjuskattur

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(188.343)		6.128	
Skatthlutfall, 21%	37.669	21%	(1.226)	20%
Ófærð skatteign	(37.664)	-20%	1.230	-20%
Ófrádráttarbær kostnaður	(4)	0%	(4)	0%
Tekjuskattur skv. rekstrarreikningi	0	0,0%	0	0,0%

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2023.....	3.267.188	687.350	2.200.173	101.297	6.256.008
Eignfært á árinu	8.479	54.478	322.547	12.195	397.699
Selt á árinu	0	0	(2.282)	0	(2.282)
Niðurlagt á árinu	0	(193)	(223.918)	0	(224.111)
Staða 31.12.2023.....	3.275.668	741.635	2.296.520	113.492	6.427.314
Eignfært á árinu	0	27.286	184.293	16.915	228.493
Niðurlagt á árinu	0	(59.342)	(76.584)	0	(135.927)
Staða 31.12.2024.....	3.275.668	709.578	2.404.228	130.407	6.519.881
Afskriftir					
Staða 1.1.2023.....	0	323.610	1.103.745	3.991	1.431.345
Afskrift ársins	0	59.761	252.553	262	312.577
Selt á árinu	0	0	(2.168)	0	(2.168)
Niðurlagt á árinu	0	(193)	(223.918)	0	(224.111)
Staða 31.12.2023.....	0	383.178	1.130.213	4.253	1.517.643
Afskrift ársins	0	61.217	262.310	262	323.789
Niðurlagt á árinu	0	(59.342)	(76.584)	0	(135.927)
Staða 31.12.2024.....	0	385.053	1.315.938	4.515	1.705.506
Staða 31.12.2023.....	3.275.668	358.457	1.166.307	109.237	4.909.671
Staða 31.12.2024.....	3.275.668	324.525	1.088.289	125.892	4.814.375
Afskriftarhlutföll	0%	5-20%	3-33%	0-2%	

Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett. Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga er 2.288 milljónir króna.

Skýringar, frh.:

	2024		2023	
	Fasteignamat	Brunabótamat	Fasteignamat	Brunabótamat
Efstaleiti 1	6.251.050	6.340.384	5.912.100	6.060.700
Dreifikerfi	247.992	596.391	233.643	873.324
	<u>6.499.042</u>	<u>6.936.775</u>	<u>6.145.743</u>	<u>6.934.024</u>

10. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2023	317.730
Eignfært á árinu	116.684
Aflagt á árinu	(39.580)
Staða 31.12.2023	<u>394.834</u>
Eignfært á árinu	97.866
Aflagt á árinu	(31.909)
Staða 31.12.2024	<u>460.791</u>
Afskriftir	
Staða 1.1.2023	152.685
Afskrift ársins	58.125
Aflagt á árinu	(39.580)
Staða 31.12.2023	<u>171.230</u>
Afskrift ársins	70.493
Aflagt á árinu	(31.909)
Staða 31.12.2024	<u>209.813</u>
Bókfært verð	
Staða 31.12.2023	223.604
Staða 31.12.2024	250.977
Afskriftarhlutföll	10-33%

11. Aðrar eignir

Aðrar eignir í lok ársins samanstanda af mismun á gjaldfærslu og greiðslum í tengslum við samning um stafræna dreifingu.

Skýringar, frh.:

12. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	Samningsbundinn sýningarréttur
Staða 1.1.2023	2.474.123
Keypt efni á árinu	1.723.182
Sýnt efni á árinu	(1.227.803)
Staða 31.12.2023	2.969.502
Keypt efni á árinu	1.520.333
Sýnt efni á árinu	(1.436.145)
Staða 31.12.2024	3.053.690
Flokkað meðal fastafjármuna	948.736
Flokkað meðal veltufjármuna	2.104.954
	3.053.690

13. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2024	31.12.2023
Innlendar viðskiptakröfur	57.763	83.080
Erlendar viðskiptakröfur	17.691	16.993
Útistandandi auglýsingakröfur	462.599	494.750
	538.053	594.823

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda á innheimtuleika þeirra.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:	31.12.2024	31.12.2023
Staða afskriftareiknings í upphafi árs	19.300	20.900
Endanleg afskrift ársins	1.249	(5.164)
Breyting afskriftareiknings á árinu	(249)	3.564
	20.300	19.300

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2024	31.12.2023
Fyrirframgreiddur kostnaður	77.181	87.325
Fjármagnstekjuskattur	1.847	2.472
Aðrar kröfur	352	2.527
	79.380	92.323

Handbært fé	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður og sjóður í íslenskum krónum	12.103	11.933
Bankainnstæður í erlendri mynt	3	3
	12.106	11.936

Skýringar, frh.:

14. Langtímaskuldir

	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Verðtryggðar skuldir í ISK, vextir 3,5%	3.792.315	3.677.253
Óverðtryggðar skuldir í ISK, vextir 11,07%	460.940	462.933
	<u>4.253.255</u>	<u>4.140.185</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(66.308)</u>	<u>(61.041)</u>
Eignfærður lántökukostnaður	<u>(126.245)</u>	<u>(130.141)</u>
Langtímaskuldir alls	<u>4.060.702</u>	<u>3.949.004</u>

Langtímalán sem voru í félaginu við stofnun nema 3.792 milljónum króna (31.12.2023 3.677 milljónir króna). Lán sem stofnað var til áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag er með ríkisábyrgð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Afborganir 2025/24	66.308	61.041
Afborganir 2026/25	71.402	66.197
Afborganir 2027/26	76.891	70.956
Afborganir 2028/27	82.805	76.063
Afborganir 2029/28	89.179	81.543
Afborganir síðar	3.866.670	3.784.386
	<u>4.253.255</u>	<u>4.140.185</u>

Leiguskuldbinding

Skuldbinding vegna leigusamninga nemur 551.239 þús. kr. í lok ársins. Afborganir af leiguskuldbindingu greinast þannig:

	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Afborganir 2025/24	133.321	123.270
Afborganir 2026/25	139.653	126.921
Afborganir 2027/26	146.303	132.964
Afborganir 2028/27	41.240	139.295
Afborganir 2029/28	3.676	39.303
Afborganir síðar	87.046	90.171
	<u>551.239</u>	<u>651.925</u>

Aðrar fjárskuldir

	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Langtímaskuldir vegna samningsbundins sýningarréttar.....	610.136	681.067

Skýringar, frh.:

15. Tekjuskattsskuldbinding

	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	0	0
Áhrif innleiðingar IFRS 16	0	0
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	0	0
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	(0)	0
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:		
	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	(58.922)	(73.552)
Veltufjármunir	1.180	1.160
Aðrar eignir	(17.311)	(22.638)
Afnotaréttur	(94.201)	(112.313)
Leiguskuldbindingar	110.985	131.195
Aðrir liðir	(5.204)	91
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	131.491	106.129
Niðurfærsla skatteignar	(68.018)	(30.072)
Tekjuskattsskuldbinding	(0)	0

16. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2024	31.12.2023
Innlendar viðskiptaskuldir.....	1.165.945	987.630
Erlendar viðskiptaskuldir.....	373.659	398.643
	<u>1.539.604</u>	<u>1.386.273</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir	66.308	61.041
	<u>66.308</u>	<u>61.041</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
Fyrirfram innheimtar tekjur	49.413	30.571
Ógreiddir áfallnir vextir	41.122	40.776
Aðrar skammtímaskuldir	88.575	45.740
	<u>179.110</u>	<u>117.086</u>

17. Flokkar fjármálagerninga

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir	31.12.2024	31.12.2023
Handbært fé	12.106	11.936
Lán og kröfur (án fyrirframgreidds kostnaðar)	540.252	599.821
Fjárskuldir		
Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	7.810.480	7.796.505

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausafjárahætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar í íslenskum krónum eru bæði verðtryggðar með föstum vöxtum og óverðtryggðar með breytilegum vöxtum. Þar sem hluti skulda samstæðunnar er verðtryggður hefur þróun neyslúvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hvaða áhrif 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé.

	31.12.2024		31.12.2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(1.843)	(3.686)	(2.417)	(4.835)

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðu sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi ársins.

Mynt	31.12.2024	31.12.2023
CHF	152,70	162,53
GBP	173,30	173,18
EUR	143,90	150,50
DKK	19,30	20,19
USD	138,20	136,20

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Gengisáhætta 31.12.2024

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	0	6.337	(6.337)
GBP	208	310	(102)
EUR	15.028	836.221	(821.194)
DKK	555	6.281	(5.726)
USD	849	79.250	(78.400)
Aðrir gjaldmiðlar	103	2.331	(2.228)
	<u>16.743</u>	<u>930.730</u>	<u>(913.986)</u>

Gengisáhætta 31.12.2023

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	0	3.427	(3.427)
GBP	15.211	4.412	10.799
EUR	51.711	822.613	(770.902)
DKK	0	3.341	(3.341)
USD	2.378	17.363	(14.984)
Aðrir gjaldmiðlar	28	4.981	(4.953)
	<u>69.328</u>	<u>856.136</u>	<u>(786.808)</u>

Næmnigreining

Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hvaða áhrif 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem fela í sér mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2024		31.12.2023	
	5%	10%	5%	10%
CHF	(253)	(507)	(137)	(274)
GBP	(4)	(8)	432	864
EUR	(32.848)	(65.695)	(30.836)	(61.672)
DKK	(229)	(458)	(134)	(267)
USD	(3.136)	(6.272)	(599)	(1.199)
Aðrir gjaldmiðlar	(89)	(178)	(198)	(396)
	<u>(36.559)</u>	<u>(73.119)</u>	<u>(31.472)</u>	<u>(62.945)</u>

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að hún tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	538.053	594.823
Aðrar kröfur	352	2.527
Handbært fé	12.106	11.936
	<u>550.511</u>	<u>609.285</u>

Að mati stjórnenda félagsins er hámarksútlánaáhætta félagsins sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér fyrir ofan.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

	Innan eins árs	2026	2027	2028 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2024					
Óvaxtaberandi	2.383.952	198.579	152.424	259.163	2.994.117
Með breytilegum vöxtum	14.429	2.851	3.175	452.354	472.809
Með föstum vöxtum	197.069	208.204	220.019	3.718.261	4.343.554
	<u>2.595.450</u>	<u>409.635</u>	<u>375.617</u>	<u>4.429.778</u>	<u>7.810.480</u>
	Innan eins árs	2026	2027	2028 eða síðar	Samtals
Eignir 31.12.2024					
Óvaxtaberandi	540.295	0	0	0	540.295
Með breytilegum vöxtum	12.106	0	0	0	12.106
	<u>552.400</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>552.400</u>
Nettóstaða 31.12.2024	<u>(2.043.050)</u>	<u>(409.635)</u>	<u>(375.617)</u>	<u>(4.429.778)</u>	<u>(7.258.080)</u>

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

	Innan eins árs	2025	2026	2027 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2023					
Óvaxtaberandi	2.170.007	160.955	152.185	367.926	2.851.074
Með breytilegum vöxtum	155.298	2.218	2.487	456.250	616.253
Með föstum vöxtum	182.334	190.899	201.432	3.754.512	4.329.178
	2.507.639	354.072	356.105	4.578.688	7.796.505
Eignir 31.12.2023					
Óvaxtaberandi	597.655	0	0	0	597.655
Með breytilegum vöxtum	11.936	0	0	0	11.936
	609.591	0	0	0	609.591
Nettóstaða 31.12.2023	(1.898.047)	(354.072)	(356.105)	(4.578.688)	(7.186.914)

Gangvirði

Fyrir utan þær fjárskuldir sem gerð er grein fyrir í neðangreindri töflu telja stjórnendur að bókfært virði fjáreigna og fjárskulda sem færðar hafa verið í reikningsskil samstæðunnar endurspegli gangvirði þeirra. Mat stjórnenda er að gangvirði fjáreigna sé jafnt bókfærðu verði.

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinast þannig:

Fjárskuldir	31.12.2024		31.12.2023	
	Bókfært virði	Gangvirði	Bókfært virði	Gangvirði
Langtímaskuldir	4.253.255	3.580.029	4.140.185	3.600.975
Fjárskuldir				
	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Langtímalán	0	0	3.580.029	3.580.029

Gangvirði fjárskulda sem meðtaldar eru í stigi 3 hafa verið metnar í samræmi við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir sem byggjast á afvaxtaðri sjóðstreymisgreiningu, þar sem ávöxtunarkrafan endurspeglar útlánaáhættu mótaðilanna.

Skýringar, frh.:

18. Þóknun til endurskoðenda

Advant endurskoðun ehf. endurskoðar samstæðuársreikninginn fyrir hönd Ríkisendurskoðunar. Þóknun til Advant endurskoðunar ehf. vegna endurskoðunar á árinu 2024 er 8 milljónir króna (árið 2023: 7,8 milljónir króna).

19. Kennitölur

Úr efnahagsreikningi:	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Greiðsluhæfi		
Lausafjárhlutfall	0,24	0,28
Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		
Veltufjárhlutfall	1,05	1,02
Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
Fjárhagslegur styrkur		
Eiginfjárhlutfall	17,4%	19,1%
Eigið fé/heildarfjármagn		

20. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 21. mars 2025.

Viðauki I: Ófjárhagslegar upplýsingar

Viðskiptalíkan Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi RÚV er fjölmiðlaþjónusta í almannapágu, sem hefur það að markmiði að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.

Dótturfélag þess er RÚV sala ehf. sem hefur annast starfsemi samkeppnisrekstrarhluta RÚV frá 1. janúar 2020 á grundvelli þjónustusamnings milli félaganna frá 7. júlí 2020. Í því felst m.a. að annast móttöku og sölu auglýsinga á miðlum RÚV og annast leigu á tæknibúnaði, dreifikerfi, sölu safnaefnis og aðstöðu RÚV til annarrar starfsemi en fellur undir fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Á móti greiðir RÚV sala ehf. móðurfélaginu fyrir sameiginlega rekstrarliði.

Ársreikningur RÚV sölu ehf. er hluti af samstæðureikningi RÚV ohf.

Hlutverk og stefna

Hlutverk RÚV er að upplýsa og fræða, skerpa skilning og þátttöku í samfélaginu, auka ánægju og hreyfa við fólki á uppbyggilegan hátt. Hlutverk RÚV er að efla lýðræðislega umræðu og félagslega samheldni, leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð og endurspeglar menningarlega fjölbreytni. Hlutverk RÚV er að fanga, varðveita og miðla sögu þjóðarinnar og spegla um leið tíðarandann í íslensku samfélagi og veröldinni sem mótast það. Hlutverk RÚV er að þjóna samfélaginu með því að auðga daglegt líf, efla þýðingarmikla upplifun og dýpka gagnkvæman skilning.

Framtíðarsýn RÚV er að þjóna samfélaginu öllu, efla það og endurspeglar fjölbreytileika þess. RÚV er virkur vettvangur skoðanaskipta um samfélagsmál.

Stefnuáherslur

Stefna RÚV 2023-2026 var kynnt á haustmánuðum 2022. Kjörorð stefnunnar er RÚV okkar allra – fyrir þig. Fimm stefnuáherslur liggja til grundvallar stærri og smærri aðgerðum RÚV til ársloka 2026. Áherslurnar hvíla á styrkum innri stoðum RÚV, ríkri gagnaöflun og samhljómi við erlenda almannapjónustumiðla. Við framfylgd stefnunnar hefur framkvæmdastjórn RÚV unnið að forgangsröðun, aðgerðalista og ábyrgð verkefna. Aðgerðalistinn er reglulega uppfærður og framvinda verkefna rædd í framkvæmdastjórn og stjórn. Síðar á árinu 2025 hefst endurskoðun og uppfærsla á stefnu RÚV. Stefna RÚV er aðgengileg á vef RÚV.

- Stafrænt RÚV: Stafræn tækni þróast hratt. RÚV tekur virkan þátt í þessum umbreytingum í þágu notenda sinna og vinnur frumkvöðlastarf í framleiðslu og dreifingu.
- Fréttir og þjóðfélagsrými: RÚV starfar í þágu fólksins í landinu og gegnir mikilvægu öryggis- og lýðræðishlutverki. Aðaláherslan er á vandaðan og hlutlægan fréttaflutning og RÚV kappkostar að standa undir trausti almennings.
- Menning og miðlun: RÚV tekur virkan þátt í íslensku menningarlífi með því að skapa, miðla og fjalla um öll svið menningar og lista. RÚV sýnir frumkvæði og djörfung í sköpun sinni, miðlun og umfjöllun.
- Fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka: RÚV ber að endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og allri starfsemi. Jafnrétti kynja er hornsteinn í ytra og innra starfi og gætt er að jafnræði fjölbreyttra hópa og einstaklinga. Aðgengi allra íbúa landsins að þjónustu RÚV skal vera tryggt og áhersla lögð á þjónustu við ólíka einstaklinga.
- Sjálfbærni og samfélagsábyrgð: RÚV gegnir mikilvægu hlutverki við að byggja upp sjálfbært samfélag í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefna RÚV um sjálfbærni felur í sér skuldbindingu um að styrkja hringrásarhagkerfið, skapa virði og efla þá þætti í stefnumótun, aðgerðum og ákvarðanatöku er snúa að umhverfis- og loftslagsmálum, félagslegri sjálfbærni og ábyrgum stjórnunarháttum.

Viðauki 1: Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi RÚV eru stjórn, framkvæmda- og dagskrárstjórn. Framkvæmdastjórn er skipuð lykilstarfsmönnum. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart útvarpsstjóra. Ábyrgðarsvið eru skilgreind í ráðningarsamningi hvers og eins og í skipuriti. Framkvæmdastjórn heldur fasta fundi einu sinni í viku og oftár eins og þörf krefur í heild eða smærri hópum.

Nýr fjármálastjóri og nýr framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar hófu störf 1.febrúar 2024 og tóku jafnframt sæti í framkvæmdastjórn. Í lok október 2024 samþykkti stjórn RÚV nýtt skipurit í takt við áherslur og stefnu RÚV. Það fól í sér nokkrar breytingar frá fyrra skipuriti s.s. tilfærslu verkefna, einföldun á skipulagi og breytta stjórnun og ábyrgð til samræmis við áherslur nýrrar stefnu. Stærsta breytingin var að færa framleiðsludeild undir dagskrádeild sjónvarps. Samhliða var starf framkvæmdastjóra miðla fært undir fjármáladeild til að styrkja enn frekar utanumhald og samhæfingu samningamála og samstarf fjármáladeilda og dagskrárdeilda á þessu sviði. Við þessar breytingar fór framkvæmdastjóri miðla úr framkvæmdastjórn. Breytingarnar tóku gildi í ársbyrjun 2025. Dagskrárstjóri RÚV lét af störfum í árslok 2024 og er stefnt að ráðningu nýs dagskrárstjóra á fyrri hluta árs 2025.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir félagsins samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, meðal annars reglur um fundarskög, reglur um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf útvarpsstjóra gagnvart stjórn og fleira. Reglurnar og fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar almenningi á vef RÚV.

Í stjórn RÚV sitja níu manns, fjórir karlar og fimm konur. Einn áheyrnarfulltrúi starfsfólks situr stjórnarfundum. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Í endurskoðunarnefnd sitja tveir stjórnarmenn og einn starfsmaður RÚV. Meginhlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila og aðrar eftirlitsaðgerðir sbr. IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín eigi sjaldnar en árlega.

Í starfskjaranefnd sitja þrjú stjórnarmenn. Meginhlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að yfirfara gildandi starfskjarastefnu og endurskoða hana.

Á árinu 2024 voru haldnir fjórtán stjórnarfundir og einn fundur í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og endurskoðunarnefndar mætti á alla fundum. Endurskoðunarnefnd fundar með endurskoðanda félagsins þegar tilefni er til auk þess sem endurskoðandi mætir á stjórnarfundum vegna árs- og árshlutauppgjörs. Félagið hefur ekki gert neina samninga við stjórnarmenn eða starfsfólk um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp störfum eða þeim er sagt upp. Við starfsfólk hafa verið gerðir hefðbundnir ráðningarsamningar með viðeigandi uppsagnarfresti.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglubundnum fundum og gagnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins ásamt upplýsingum um aðra lykilþætti starfseminnar svo sem umfang fjárfestinga, kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum, fjölda stöðugilda og umfang verktakakostnaðar. Til staðar eru ferlar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Þá var ferli áætlanagerðar og eftirfylgni með aðkeyptu dagskrárefni breytt á árinu til að styrkja umgjörð sjóðstýringar félagsins. Með þjálfun starfsfólks og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allt starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt og skyldur.

Viðauki 1: Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Innra eftirlit og gæðamál

Í þjónustusamningi ráðuneytisins og RÚV um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2024-2027 er kveðið á um að RÚV skuli viðhafa innra eftirlit og fylgja gæðaferlum auk þess sem upplýst skal á gagnsæjan hátt með hvaða hætti það er gert á hverjum tíma í þeim tilgangi að stuðla að faglegum vinnubrögðum og tryggja gæði fréttá- og dagskrárefnis. Aðilar samningsins halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að fjalla um framkvæmd samningsins, þróun hans, fyrirhugaðar breytingar og markmið.

Í lok árs 2024 og til samræmis við breytt skipurit RÚV var gerð sú breyting að færa samningamál vegna dagskrártengds efnis til fjármáladeildar. Markmiðið var að efla ut anumhald og eftirfylgni með kaupum á dagskrártengdu efni.

Persónuverndarstefna RÚV hefur verið í gildi frá 2019, samþykkt og birt í samræmi við persónuverndarlög. Persónuverndarfulltrúi RÚV er Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður. Nýjar vinnureglur RÚV um fréttir og dagskrárefni tengt þeim tóku gildi í mars 2024. Útvarpsstjóri setti siðareglur RÚV 13. júní 2022.

Fjölmiðlanefnd leggur árlega mat á almannaðjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins en nefndinni var falið það hlutverk með 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013. Árlega gefur fjölmiðlanefnd skýrslu þar sem nefndin leggur mat á hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt þær gæðakröfur sem gerðar eru til starfseminnar og þar með sinnt almannaðjónustuhlutverki sínu gagnvart almenningi.

Mannauðsmál og jafnrétti

RÚV styrkir félagslega sjálfbærni með ábyrgri umfjöllun og skýrri stefnu um fjölbreytileika, jafnræði og þátttöku í starfseminni allri. Kynjajafnrétti er sem fyrr hornsteinninn í ytra og innra starfi.

RÚV starfar í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Jafnréttisáætlun RÚV miðar að því að jafna stöðu kynja en nær einnig yfir jafnrétti óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisáætlunin og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni eru aðgengilegar á rúv.is. Þar er einnig að finna reglur um ráðningar hjá RÚV, samninga við verktaka og reglur um meðferð athugasemda og ábendinga sem tóku gildi vorið 2022.

Jafnréttisnefnd hefur starfað frá hausti 2021 í samræmi við aðgerð í jafnréttisáætlun um aukið samráð starfsfólks um jafnréttismál. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með stöðu og þróun jafnréttismála hjá RÚV, framvindu þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í jafnréttisáætlun og endurskoða umrædda áætlun og aðgerðir eftir því sem þörf krefur. Nefndin fundar reglulega og miðlar upplýsingum um störf sín til útvarpsstjóra og starfsfólks RÚV. Nefndin hefur rýnt vel niðurstöður árlegrar vinnustaðargreiningar m.t.t. viðhorfa kynjanna til ýmissa þátta í innra starfi. Þróuð hefur verið jafnréttis- og fjölbreytileikaskimun fyrir einstök verkefni og lögð hefur verið áhersla á að fræðsludagskrá endurspegli þessar áherslur.

RÚV hefur sett sér starfskjarastefnu með það að markmiði að við gerð samninga um starfskjör sé félagið samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er aðgengileg á aðalskrifstofu félagsins en hún var samþykkt á aðalfundi RÚV 2024.

RÚV fékk jafnlaunavottun 2019 og jafnlaunakerfið hefur verið vottað árlega síðan. Launaákvæðanir byggjast á málefnalegum forsendum og greiða skal sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.

Starfsfólk á vegum RÚV tekur virkan þátt í jafnréttis- aðgengis- og fjölbreytileikastarfi innan EBU þar sem gefið er út árlega gagnlegt efni og fundað reglulega um þróun þessara mála hjá almannaðjónustumiðlum í Evrópu.

Reglulega eru birtar niðurstöður viðmælendagreiningar með tilliti til hlutfalls kynja og búsetu í miðlum RÚV.

Viðauki 1: Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Uppfærsla kerfa, verklags og hæfni

Samkvæmt stefnu RÚV lúta helstu áherslur í innra starfi að uppfærslu á kerfum, vinnubrögðum og þjálfun starfsfólks.

Skráning verklags og vinnulýsinga er stöðluð þvert á fyrirtækið og stöðug þjálfun veitt í gegnum RÚV-skólann. Í notkun er rafrænt fræðslukerfi fyrir starfsfólk.

Áfram var unnið að innleiðingu ISO27002 vottunar á stjórnkerfum fyrir upplýsingaöryggi og lauk 2. stigi í apríl 2024, 1. stigi lauk í október 2023. RÚV hlaut vottun samkvæmt kröfum ISO 27001 í maí 2024.

Á árinu var tekin í notkun innskráning í vefspilara RÚV sem veitir Íslendingum erlendis aðgang að réttindavörðu efni. Hingað til hafa um 29 þúsund notendur nýtt sér þessa þjónustu sem gerir þeim kleift að fylgjast með viðburðum eins og Evrópukeppni í knattspyrnu og vinsælu dagskrárefni eins og Vigdís.

Á vef RÚV er hægt að lesa fréttir á auðskildu máli (ruv.is/audskilid). Fréttakerfi RÚV var tengt við gervigreindartól frá Miðeind sem gerir kleift að framleiða fleiri fréttir á auðskildu máli með aðstoð gervigreindar. Með þessu móti er aðgengi fréttastóraukið fyrir þá sem þurfa eða vilja fréttir á einfaldara formi. Framsetningin er miðuð við fólk með þroskahömlun en hún nýtist öðrum, svo sem þeim sem eru að ná tókum á íslensku.

RÚV Orð er nýr vefur fyrir sjálfsnám í íslensku sem nýtir sjónvarpsefni RÚV. Lausnin er afrakstur samstarfs við Sprákkraft, óhagnaðardrifid sænskt félag sem hefur sérhæft sig í hönnun máltæknilausna, og þrjú ráðuneyti. Vefurinn bætir aðgengi allra aldurshópa að fjölbreyttu efni til að læra íslensku. RÚV Orð var tekið í notkun 2024.

Sjálfvirk textun á beinum útsendingum var innleidd í valda dagskrárlíði eins og Silfrið og kosningaumfjöllun á árinu. Með þessu er aðgengi að íslensku efni aukið. Verkefnið fól í sér samþættingu sjálfvirkra textunar Tiro við innri kerfi RÚV. Sjálfvirkur texti verður í boði með fleiri dagskrárlíðum árið 2025.

Tekinn var í notkun MenntaRÚV spilari í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. MenntaRÚV birtir myndefni og útvarpsefni fyrir öll skólastig í samstarfi við ritstjórn MenntaRÚV.

Innri vefur RÚV birtir mælaborð sem sýnir samsetningu viðmælenda út frá kyni, aldri og búsetu, bæði fyrir miðla og tiltekna sjónvarps- og útvarpsþætti. RÚV leggur mikla áherslu á að mæla og greina gögn um viðmælendur til að tryggja sem fjölbreyttasta samsetningu þeirra.

Öllum útvarpsútsendingum RÚV á langbylgju var hætt á árinu þegar langbylgjumastrið á Gufuskálum var tekið úr notkun. Öryggisútsendingar RÚV í útvarpi verða framvegis á Rás 2 um FM-dreifikerfið, sem hefur verið þétt mjög mikið á undanförunum árum.

Settir voru upp fjórir nýir FM-sendistaðir og til að tryggja rekstraröryggi var gömlum sendum skipt út fyrir nýja. Einnig voru settir upp 26 nýir sendar um land allt. Nauðsynlegt er að varaafli sé til staðar á sendistöðum til að tryggja órofinn rekstur FM-kerfisins. Á árinu var varaafli komið fyrir á 16 stöðum og auk þess var varaleiðum komið fyrir ef eitthvað fer úrskaiðis. Búnaður, sem notar Starlink gervihnött fyrir netsamskipti, var settur upp á Vaðlaheiði en á fjórum öðrum stöðum eru varaleiðirnar FM-endurvarp.

Viðauki 1: Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

Umhverfismál og loftslagsmál

RÚV mætir auknum kröfum um sjálfbærni með því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfseminni með markvissum aðgerðum og leitast við að vera öðrum til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum.

Átak hefur verið gert í flokkun sorps, pappírnotkun minnkuð og dregið úr matarsóun. Í byrjun árs 2022 var loftslagsstefna RÚV samþykkt og var það gert samkvæmt lögum um loftslagsmál. Stefnan er aðgengileg á vef RÚV og í henni eru meðal annars skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Tilgangurinn er að draga markvisst úr áhrifum losunar gróðurhúsalofttegunda af starfseminni og vera til fyrirmyndar með því að hafa bein og óbein áhrif á loftslagsskuldbindingar Íslands.

Frá 2021 hefur Ríkisútvarpið haldið grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættirnir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum. Fyrir 1. apríl ár hvert er grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Niðurstöður græns bókhalds birtast einnig á vef Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana. Á árinu 2024 lauk RÚV innleiðingu á 5. græna skrefi Umhverfisstofnunar Íslands.

Hjá RÚV er í gildi samgöngustefna sem hefur það að markmiði að gera starfsfólki auðveldara að fara til og frá vinnu með því að sameinast í bíla eða nota almenningssamgöngur og aðra valmöguleika en að fara um á einkabíl. Samgöngustyrkur er veittur starfsfólki á grundvelli samgöngusamnings við hvern og einn.

RÚV fellur undir d-lið 66 gr. laga um nr. 3/2006 um ársreikninga um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga. Þá hefur flokkunareglugerð ESB nr. 2020/852 verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Með reglugerðinni eru gerðar auknar kröfur á fyrirtæki að birta á gagnsæjan hátt ófjárhagslegar upplýsingar á sviði sjálfbærni. Markmið reglugerðarinnar er að koma á samræmdu flokkunarkerfi með því að lýsa hvaða viðmiðum atvinnustarfsemi þarf að fullnægja til að teljast vera umhverfislega sjálfbær og gerir fyrirtækjum kleift að meta hvort starfsemi þeirra sé umhverfislega sjálfbær eða ekki út frá tæknilegum matsviðmiðum. Reglugerðin á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf og beina fjármagni í sjálfbæra starfsemi en það er grundvöllur þess að Evrópusambandið geti náð þeim markmiðum sem sett voru fram í Græna sáttmálanum.

RÚV fellur undir reglugerðina út frá stærð fyrirtækisins en reglugerðin hefur verið í mótnun og mun taka breytingum sem getur haft áhrif á samanburð milli ára. Unnið er að greiningu og mati á því hvaða hluti reglugerðarinnar hefur áhrif á starfsemi RÚV sem mun á árinu 2025 vinna að innleiðingu.

Spillingar- og mútumál

Í mars 2024 tóku gildi nýjar vinnureglur um fréttir og dagskráreftni. Með þeim eru sett viðmið um verklag og fleira til að standa vörð um og efla enn frekar traust og trúverðugleika RÚV og gæði fréttar og dagskrárgerðar.

Jafnframt eru í gildi siðareglur sem kveða á um að starfsfólk ræki störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika. Starfsfólk RÚV forðast að kasta rýrð á félagið eða skaða ímynd þess og traust með framkomu sinni. Jafnframt er kveðið á um að starfsfólk RÚV nýti ekki stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra.

Framangreindar reglur eru aðgengilegar á vef RÚV.

Aðgengi

Í aðgengisstefnu RÚV sem útvarpsstjóri gaf út 2022 er áhersla lögð á þrjá meginþætti; aðgengi að miðlum; aðgengi í og við Útvarpshúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglast í öllum miðlum. Sett var á stofn aðgengisnefnd sem gaf út aðgerðaáætlun fyrir aðgengi og fjölbreytileika. Stefnan er aðgengileg á vef RÚV.

Undirritunarsíða

Mörður Áslaugarson

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Aron Ólafsson

Margrét Vilborg Tryggvadóttir

Þráinn Óskarsson

Diljá Ámundadóttir Zoega

Stefán Eiríksson

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

Rósa Kristinsdóttir

Ingvar Smári Birgisson

Undirritunarsíða

Anna María Benediksdóttir

Hinrik Heiðar Gunnarsson